

Forkaupsréttur ríkisins í tengslum við frumskráningu Arion banka

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Kaupþing hafa náð niðurstöðu um [framkvæmd ákvæðis 3.6 í afkomuskiptasamningi íslenska ríkisins, Kaupþings hf. og dótturfélags þess Kaupskila ehf. frá 13. janúar 2016](#). Í ákvæðinu felst að forkaupsréttur ríkisins við sölu hlutabréfa í Arion banka skuli aðlagður við skráningu bankans á markað.

Niðurstaðan felur í sér að forkaupsréttur ríkisins mun verða aðlagður á þann hátt að hann muni ekki gilda við frumskráningu Arion banka á skipulegan verðbréfamarkað sem [Arion hefur tilkynnt um](#) og sölu á hlutum Kaupþings/Kaupskila sem fyrirhuguð er í tengslum við skráninguna. Forkaupsrétturinn mun hins vegar að öðru leyti standa óhaggaður eftir það.

Áskilið er að núverandi hluthafar í Arion banka, sem einnig eru hluthafar í Kaupþingi, muni ekki auka við hlut sinn við frumskráninguna.

Með framangreindu er stuðlað að því markmiði stöðuleikasamninga ríkisins við Kaupþing frá 2016 að félagið losi um hluti sína í Arion banka með skipulegum hætti og í samræmi við samningsskyldur sínar.

Söluandvirði þeirra hlutabréfa sem seld verða í tengslum við frumskráninguna verður greitt inn á skuldabréf sem Kaupþing/Kaupskil gaf út í tenglum við stöðugleikasamningana. Eftirstöðvar þess nema nú um 29 ma.kr.

Afkomuskiptasamningurinn kveður á um að söluandvirði hlutabréfa Kaupþings umfram andvirði skuldabréfsins skiptist milli ríkisins og Kaupþings í tilgreindum hlutföllum.

Ríkið mun fylgjast grannt með skráningar- og sölufurlinu og mun tilnefna eftirlitsaðila sem mun fylgjast með og hafa aðgang að öllum upplýsingum og gögnum sem varða ferlið.

Takist vel til við skráningu Arion banka á markað yrði stigið mikilvægt skref í endurskipulagningu íslenska fjármálakerfisins og í átt að dreifðara eignarhaldi Arion banka hf.